

Borgarstjórn Reykjavíkur
27. febrúar 2024

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Laugardals, Bústaða og Háaleitis um tvær kvöldopnanir á viku í sértæku félagsmiðstöðinni Öskju

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundasviði að vinna tillögu að breytingu á opnunartíma félagsmiðstöðvarinnar Öskju þannig að hægt sé að vera með tvær kvöldopnanir vikulega frá og með hausti 2024.

Greinargerð

Askja er félagsmiðstöð fyrir nemendur á unglingsstigi í Klettaskóla og hún er með kvöldopnun einu sinni í viku á miðvikudögum kl. 19:00 til 21:00. Meðaltalsmæting ungmenna á kvöldopnanir á síðasta ári var um 50% sem sýnir mikinn áhuga. Í dag er fjármagn fyrir kvöldopnanir í Öskju dregið frá úthlutaðri yfirvinnu starfsfólks og því í raun ekki úthlutað sérstöku fjármagni fyrir kvöldopnanir. Því er lagt til að félagsmiðstöðin Askja geti haft kvöldopnanir tvisvar í viku kl. 19:00 til 21:00 og að fjármagn sem úthlutað er nú þegar verði endurskoðað í ljósi mætingarhlutfalls og áhuga.